

Úlfarsá - Korpúlsstaðaa

Vatnasvið Úlfarsár hjá brúnni á þjóðveginum í Mosfells-
sveit er 50 km². Árstúfurinn þar fyrir neðan heitir Korpúls-
staðaa. Áin er dragá, með einkenni mikillar miðlunar í stöðu-
vatni.

Vatnshæð og rennsli hefur verið mælt annað veifið síðan
10. marz 1952, samkv. ósk veiðimálastjóra, hr. Þórs Guðjónssonar
og Almenna byggingafélagsins h/f, vegna Áburðarverksmiðjunnar.

Veiðimálastjóri hefur tekið nokkuð af vatnshæðarálestrum
og mun hann gefa skrifstofunni þá upp á næstunni.

Niðurstöður mælinga benda á eftirfarandi:

Venjulegt rennsli	0,8 - 1,0 m ³ /s
Lægsta rennsli	0,4 - 0,5 "
Meðalrennsli	1,0 - 1,3 "
Stærstu flóð	um 12 "

Hér er átt við rennslið hjá þjóðveginum. Neðan Hafravatns
er miðlunarstífla, sem laxveiðimenn byggðu. Teikn. stíflunnar
gerði Sig. Jóhannsson, verkfræðingur. Stærð Hafravatns er
0,9 km². Í dag hefi ég átt símtal við veiðimálastjóra um Úlfarsá.
Hann gaf mér upp eftirfarandi: - Útdráttur.

Hæð miðlunarstíflu er nálægt einum metra (miðlun í Hafravatni
er því um 900 þús. m³). Vatnsop stíflunnar og yfirfall er í
minnsta lagi, en nú hefur verið gerður farvegur fyrir enda
stíflunnar. Þegar Áburðarverksmiðjan var á döfinni, var rætt
um aukna miðlun í Hafravatni, en horfið var frá því ráði að
hefjast þar handa. Olli þar mestu um, að sumarbústaðir hafa
verið byggðir niður við núverandi hæsta vatnsborð og vegurinn
undir Hafrahlíð fer einnig undir vatn, ef vatnsborðið er
hækkað nokkuð frá því sem nú er. Eitt sinn hefur vatnið
skolað nokkuð úr veginum, snökkt flóð kom og of seiht var
tekið úr flóðgátt stíflunnar. Ódýrt er að hækka sjálfa
stífluna um 1/2 metra, en hæð, sem er þar fram yfir, lengir
stífluna verulega.

Þá hefur veiðimálastjóri athugað lauslega miðlunarskilyrði
uppi í Seljadal innan við Þormóðsstaði og rætt þann miðlunar-

möguleika við hr. verkfr. Árna Snævarr. Þar er klettahaft að ánni, sem er 10-15 m breið. Með 6 m hárrí stíflu fæst jafn mikil miðlun þar eins og með 30 cm hækkun í Hafra-
vatni, (þ.e.a.s. 300 þús m³).

Miðlunarstíflunnar neðan Hafravatns hefur verið gætt slæga undanfarin ár, svo að það er langt í frá, að miðlað hafi verið í Hafravatni sem unnt er nú. En engu að síður hefur miðlunin þar af völdum stíflunnar haft allveruleg áhrif á þær rennslis-
niðurstöður, sem greint er frá hér að framan, lögstu rennslin hefðu án stíflunnar orðið til muna lægri. Verði miðlunin aukin eins og dregið er hér á, fæst viðbót um 1 millj. m³.

Um vatnsnotkun Áburðarverksmiðjunnar tjáði hr. verkfr. Árni Snævarr, raforkumálastjóra í símtali, að röraleiðsla gæti flutt 250 l/s en núverandi vatnsnotkun væri 180-200 l/s.

Reykjavík 24. des. 1955,